

# 15. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN

## 2023-2024

04. MARS 2024, KL. 11:15-12:45 – TEAMS FUNDUR

### MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir (T), Benóný Jónsson (T), Björg Helgadóttir (T), Bragi Bergsson (T), Guðrún Nína Petersen (T), Jón Már Halldórsson (T), Kristín Hermannsdóttir (T), Lilja Grétarsdóttir (T), Margrét Geirsdóttir (T), Marianna H. Helgadóttir (T), Sigvaldi Thordarson (T), Stefán Már Stefánsson (T), Stella Hrönn Jóhannsdóttir (T), Svava S. Steinarsdóttir (T), Torfi Geir Hilmarsson (T), Una Bjarnadóttir (T), Unnur Magnúsdóttir (T) og Þorkell Heiðarsson (T).

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

### FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:15.

#### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 14. stjórnarfundar FÍN frá 5. febrúar sl.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

#### 2. Fundarsalir BHM

MHH kynnti. Aðstaðan hvað varðar aðgengi að fundarsölum í Borgartúni 27 er ekki eins og gert var ráð fyrir þegar gengið var frá flutningi BHM og aðildarfélaga frá Borgartúni 6. Því hefur BHM lagt til að leigðir verði fundarsalir. Áætlaður kostnaður er tæplega milljón krónur á mánuði. FÍN er sjálfbært um fundaraðstöðu í Borgartúni 27.

Umræður.

**Afgreiðsla:** 13 samþykkja að formaður kjósi með því að BHM leigi fundarsali í Borgartúni 27, 3 eru á móti og 2 sitja hjá.

MHH sendir bréf til framkvæmdastjórnar BHM með afstöðu stjórnar FÍN en áréttar að leigutími fyrir fundarsali í BHM má ekki vera lengri en leigutími BHM fyrir skrifstofuhúsnæðið.

### 3. Undirbúningur fyrir aðalfund FÍN

MHH fór yfir stöðu mála.

- a. Framboð til stjórnar.

Enn er leitað að framboðum til stjórnar.

- b. Tillögur um lagabreytingar.

MHH kynnti hugmyndir um breytingu á gr. 2 hlutverk, sbr. umræður á starfsdegi stjórnar. Jafnframt þarf að samræma orðalag á nokkrum stöðum í 3. gr. og þá verður gerð sú breyting á gr. 4 umsóknir að framkvæmdastjórn samþykkir umsóknir en vafaatriði verða borin undir stjórn á næsta stjórnarfundum.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

### 4. Kjaraviðræður

MHH kynnti stöðu mála. Lokið hefur verið við að undirrita viðræðuáætlanir við alla samningsaðila á opinberum markaði, en viðræður eru ekki hafnar þar sem ekki hefur verið gefið út „merki“ hvað varðar launaliðinn. Hins vegar er ýmislegt annað sem þarf að ræða í kjarasamningsviðræðum en launaliðurinn. Ef eitthvað breytist mun formaður boða til aukastjórnarfundar. MHH mun halda áfram að halda stjórn upplýstri með „Kjarakornum formanns“. Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með „kjarakornin“.

### 5. Aðgerðaráætlun FÍN 2024 – 2028

MHH fór yfir stöðu mála. Hugmyndir um nýtt merki og nafn félagsins eru í vinnslu. Beðið er eftir tillögum frá grafískum hönnuðum til að geta tekið málið áfram. Orðið aðkallandi að ráða starfsmann á skrifstofu vegna fjölda verkefna sem liggja fyrir hvað varðar markaðs- og kynningarmál og sem fjölgun félagsmanna mun í framtíðinni standa undir.

UM vék af fundi kl. 12:23.

KH vék af fundi kl. 12:28.

Umræður.

Formaður mun leggja fyrir framkvæmdastjórn á næsta framkvæmdastjórnarfundum tillögu að forgangsroðun verkefna vegna aðgerðaráætlunar. Stjórnarmenn eru hvattir til að skoða aðgerðaráætlunina og koma með athugasemdir ef einhverjar eru.

### 6. Önnur mál

- a. Skipun matshóps um varúðarsjóð.

MHH upplýsti að BHM hefur skipað fulltrúa í matshóp um varúðarsjóð vegna lífeyrisskuldbindinga. Varúðarsjóðurinn er tómur og því þarf að meta hverju þarf að bæta við til að áunnin lífeyrir haldi verðgildi sínu.

b. Söfnun fyrir Solaris.

Erindi barst frá Solaris um fjárstuðning vegna stríðsástandsins í Palestínu. MHH hefur svarað erindinu á þann veg að FÍN styrkir ekki góðgerðarstarfsemi.

c. Niðurstaða í dómsmáli hjá BHM.

MHH benti á niðurstöðu í dómsmáli fyrrverandi framkvæmdastjóra gegn BHM ef stjórnarmenn hafa áhuga á að kynna sér.

d. Bent var á að greiðslur úr vísindasjóði rötuðu ekki inn í forskráningu í skattaskýrslu. MHH upplýsti að mistök voru gerð og mun hún ræða við skattinn í dag um hvernig hægt er að leysa úr þessu. Jafnframt mun MHH senda tölvupóst á þá sem fengu greitt úr vísindasjóði í desember 2023 og upplýsa þá um stöðu mála.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:45.